

## G J A L D S K R Á

um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014,  
sbr. breytingar á skránni með auglýsingum nr. 1146/2015 og nr. 687/2016.

### 1. gr.

■Um greiðslu embættislauna presta þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um kjararáð nr. 47/2006, sbr. 1. og 4. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Auk embættislauna ber þessum prestum þóknun fyrir prestsþjónustu og embættisfærslu vegna aukaverka, sbr. 3. gr. laga um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 36/1931. Aukaverkin eru tilgreind í 1. til 7. tölulið 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

□Fyrir aukaverk samkvæmt 1., 2., 3. og 7. tölulið 1. mgr. 2. gr. greiðir sá þóknun sem verkið er unnið fyrir. Fyrir aukaverk vegna útfararathafna samkvæmt 4., 5. og 6. tölulið 1. mgr. 2. gr. greiðir kirkjugarðsstjórn þóknun, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Prestur gerir kirkjugarðsstjórn mánaðarlega grein fyrir aukaverkum sínum samkvæmt 4., 5. og 6. tölulið ásamt aksturskostnaði, ef við á, sbr. c. og d. liði í 2. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar.

□[Þóknun fyrir aukaverk presta miðast við einingar sem kjararáð ákvarðar þeim sem undir það heyra. Hver eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.573 krónur. Verði breyting á launatöflu kjararáðs nr. 502 þannig að ný krónutala komi fyrir hverja einingu í stað þeirrar sem nú er, skal ráðherra innan mánaðar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda breyta gjaldskrá þessari til samræmis. Sama gildir ef kjararáð breytir viðmiði hvað varðar launaflokk eða prósentutölu í launatöflu sinni.]<sup>1)</sup>

□Auk embættislauna og þóknunar fyrir aukaverk ber prestum greiðsla fyrir ferðakostnað vegna aukaverka, ef við á, sbr. 3. gr. gjaldskrárinnar.

<sup>1)</sup> Augl. nr. 687/2016, 1. gr. Áður breytt með augl. nr. 1146/2015, 1. gr.

### 2. gr.

■[Þóknun fyrir hvert aukaverk prests er metin sem hlutfall af einingu kjararáðs skv. 3. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar og enn fremur tilgreind í krónutölu sem hér segir:

1. Skírn	0,7 ein. kjararáðs eða 6.701 kr.
2. Ferming	2,0 ein. kjararáðs eða 19.146 kr.
3. Hjónavígsla	1,3 ein. kjararáðs eða 12.445 kr.
4. Útför	2,6 ein. kjararáðs eða 24.890 kr.
5. Kistulagning	0,8 ein. kjararáðs eða 7.658 kr.
6. Athöfn við jarðsetningu duftkers eða kistu	0,8 ein. kjararáðs eða 7.658 kr.
7. Embættisvottorð	0,2 ein. kjararáðs eða 1.915 kr.

□Sá sem beiðist skírnar greiðir ekki þóknun verði skírnin við guðsþjónustu.

□Kirkjugarðsstjórn greiðir ekki þóknun fyrir jarðsetningu duftkers eða kistu ef athöfn er í beinu framhaldi af útför.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. nr. 687/2016, 2. gr. Áður breytt með augl. nr. 1146/2015, 2. gr.

### 3. gr.

■Greiðsla ferðakostnaðar skal miðast við almennt akstursgjald ríkisstarfsmanna skv. gildandi auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins og vera í samræmi við þau viðmið sem fram koma í 2. mgr. þessarar greinar. Þéttbýli skv. 2. mgr. telst vera þar sem íbúar eru 4.000 eða fleiri en dreifbýli þar sem þeir eru færri.

a. Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í þéttbýli sé að hámarki 24 km.

b. Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í dreifbýli sé að hámarki 60 km.

c. Akstur vegna greftrunar í þéttbýli sé 12 km. Við bætast 12 km ef kistulagning er sérstök athöfn og enn fremur ef prestur kemur að frágangi duftkers í grafreit.

d. Aksturskostnaður vegna greftrunar í dreifbýli sé að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gjaldskrá, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 155/2005.

□Ferðakostnað prests vegna skírnar og hjónavígslu greiðir sá sem beiðist verksins, sbr. a. og b. liði. Presti ber að upplýsa greiðendur fyrirfram um ferðakostnað. Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

□Kirkjugarðsstjórn greiðir aksturskostnað vegna kistulagninga, útfara og frágangs duftkerja, sbr. c. og d. liði.

### 4. gr.

■Vottorð vegna meðlagsgreiðslu með barni og vottorð að beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda gefur prestur út án endurgjalds.

□Presti er enn fremur skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

### 5. gr.

■Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 36/1931. Gjaldskráin öðlast gildi 2. ágúst 2014 og gildir til og með 1. ágúst 2024. Við gildistöku gjaldskrárinnar fellur úr gildi gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 908 frá 15. október 2013.

### Ákvæði til bráðabirgða.

■Þóknun fyrir fermingu samkvæmt 2. gr. gjaldskrár þessarar gildir fyrst fyrir fermingarfræðslu vegna ferminga 2015.

Lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum, féllu úr gildi 1. júlí 2017, sbr. 7. gr. laga um kjararáð nr. 130/2016.

Lög um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum, féllu úr gildi 1. júlí 2018, sbr. 1. gr. laga um brottfall laga um kjararáð nr. 60/2018.

Gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, heldur gildi sínu, þar sem enn gilda lög um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 36/1931.